

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2021, 8. júní, var haldinn 211. fundur skóla- og frístundaráðs og 404. fundur velferðarráðs. Fundurinn höfst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 14.14. Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi fyrir hönd skóla- og frístundaráðs: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Amundadóttir Zoëga (C), Sara Björg Sigurðardóttir (S) og Órn Þórðarson (D). Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi fyrir hönd velferðarráðs: Heiða Björg Hilmisdóttir formaður (S), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Ellen Jacqueline Calmon (S), Kolbrún Baldursdóttir (F), Rannveig Ernudóttir (P) og Sanna Magdalena Mörtudóttir (J). Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Regína Asvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðrún Sigtryggsdóttir, Dís Sigurgeirs dóttir og Randver Kári Randversson. Eftirtaldir fulltrúar töku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimildar í auglýsingum nr. 354/2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Hildur Björnsdóttir (D), Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir (D) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar skóla- og frístundaráðs: Albína Hulda Pálsdóttir, foreldrar barna í leikskólum; Anna Metta Norðahl, starfsfólk í leikskólum; Brynjar Bragi Einarsson, Reykjavíkurráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar í leikskólum; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Pór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn: Guðrún Edda Bentsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffia Pálsdóttir, Aðalbjörg Traustadóttir, Agnes Sif Andréasdóttir, Anna Guðmundsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Hákon Sigursteinsson, Kristjana Gunnarsdóttir og Sigþruður Erla Arnardóttir.

Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohliðandi tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir, dags. í júní 2021:

Lagt er til að verkefnið Betri borg fyrir börn verði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá er lögð áhersla á að þéttu samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og ná samlegðaráhrifum m.a. á sviði fjármála, mannvirkja og mannaúðs. Borginni verði skipt í fjögur þjónustuhverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Grafarvogi, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti. Þjónustuhverfin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti. Unnið er að mati á verkefninu Betri borg fyrir börn í Breiðholti og verða niðurstöður nýttar í skipulagi á verkefninu. Skipaður verði faghópur sem vinnur að undirbúningi verkefnisins, b.m.t. verkaskiptingu á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Nánari tillögur að fyrirkomulagi verkefnisins ásamt kostnaðarmati verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð og velferðaráð eigi síðar en 1. október næstkomandi. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík hefjist um áramót 2021/2022.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað borgarráðs. SFS2019090155/VEL2021060009

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohliðandi bókun:

Samstarf skóla – og frístundasviðs og velferðarsviðs hefur aldrei verið nánara en nú og sameiginleg framtíðarsýn sviðanna í málfnúnum barna er innsigluð með þeim tillögum sem sameiginlegur stýrihópur formanna og sviðsstjóra sviðanna skilar hér af sér. Tillögurnar marka tímamót þar sem vörðuð er leið inn í framtíð þar sem heildstæð biónusta við börn er sambætt og efla í nærumhverfi barna ekki síst í verkefninu Betri borg fyrir börn sem nú verður innleitt í öllum borgarhlutum frá næstu áramótum eftir tilraunaverkefni í Breiðholti sem maelst hefur vel fyrir. Stórátak verður gert í að vinna á biðlistum eftir biónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga í skólabjónustu með 140 m. kr. aukafjárveitingu sem mun duga til að bjóna um 650 börnum. Fjárveitingar til grunnskóla munu í auknum mæli taka mið af lýðfræðilegum báttum til að auka jöfnuð milli barna og borgarhluta. Tekið verður upp markvisst árangursmat í sérkennslu, sértaekum stuðningi og skólabjónustu til að stuðla að því að börn sem bess burfa fái stuðning sem skilar þeim betri líðan, námsárangri og/eða félagsfærni. Átak verður gert í að rafvæða umsóknarferla í skólabjónustu og sérstök verkefnastjórn mun sjá um að innleiðing tillagnanna verði hnitið og skýr.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkss í skóla- og frístundaráði og velferðarráði þakka góða vinnu starfshóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir. Samstarf ráðanna tveggja er mikilvægt skref í þá átt að bæta þjónustuna og samþætta ólika þjónustuþætti með hagsmuni barna að leiðarljósi. Tillögur starfshópsins tala í svipaðar áttir og fulltrúar Sjálfstæðisflokkss hafa rætt í ráðunum tveim. Því ber að fagna og þess vegna styðja fulltrúar Sjálfstæðisflokkss þær.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista styður efni tillagnanna en vill ganga lengra. Verkefnið Betri borg fyrir börn verður innleitt um alla Reykjavíkurborg en miðað er við 4 þjónustusvæði en ekki 5 miðað við núverandi hverfaskiptingu þjónustumiðstöðva. Mikilvægt er að tryggja að þjónustan sé pottþétt í nálagð við þá sem hana sækja. Í því samhengi þarf einnig að tryggja að þjónustan sem börn og ungmenni þurfa á að halda, sé veitt inni í skólunum eða þar sem þeim hentar, t.d. að sálfræðingar og aðrir sem veita stuðning við börn séu með fasta viðveru í skólum. Einnig er mikilvægt að börn séu ekki að bíða til lengdar eftir þjónustu. Þann 1. maí sl. bíðu 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Ein tillagan hér um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid 19 á börn og unglings, gerir ráð fyrir 140 m.kr. fjárhheimild. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Sérfræðingar sem starfa nú á þjónustumiðstöðvum munu jafnframt vinna við að þjónusta börn á biðlistunum til að hægt sé að vinna á honum. Fulltrúi sósíalista hefur áhyggjur af því að 140 m.kr. dugi ekki.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að verkefnið Betri borg fyrir börn verði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Meirihlutinn ætlar að óska eftir 140 milljóna króna fjárfram lagi frá borgarráði til að taka á biðlistum. Mjög líklega þarf mun meiri innspýtingu fjármagns en hér er lagt til ef takast á að sinna öllum þessum börnum svo vel sé. Þetta er ekki há upphæð ef samanborið við 10 milljarða sem ráðstafað er í stafræna umbreytingu, fjármagn sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur sýslað með af „léttuð“. Þessar upphæðir segja allt um hver forgangsröðunin er hjá þessum meirihluta. Það er miður að ekki hafi verið gripið fyrr í þessa óheillaþróun. Fyrstu tillögur Flokks fólksins að taka á biðlistum komu strax á fyrsta misseri þessa kjörtímabils. Dýrmætur tími hefur tapast sem bitnar á þjónustubegum. Nú bíða 1068 börn eftir fagþjónustu skólanna. Börnum er mismunað eftir því í hvaða hverfi þau búa. Ekki stendur til að færa sálfræðingana inn í skólana sem er miður. Íslensk ungmenni sýna meira aukin þunglyndiseinkenni og segja andlega líðan sína verri í kórónuveirufaraldrinum en

áður. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri íslenskri rannsókn sálfræðideildar HR og Rannsóknar og greiningar. Kannski er ekkert af þessu skrytið ef horft er til þess að „börn“ hafa ekki verið sett í fyrsta sæti.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar Félags skólastjórnenda í Reykjavík og Kennarafélags Reykjavíkur fagna framkomnum tillögum sem fram koma á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs. Tillögurnar sex eru viðamiklar og hver og ein í raun virði bókana þar sem verið er að horfa til ýmissa stórtækra breytinga í skólastarfi. Við fögnum hugmyndum um að dreifstýra starfi skóla- og frístundasviðs með því að útvíkka verkefnið Betri borg fyrir börn og horfa til þess í öllum hverfum borgarinnar þar sem að við teljum það gefa möguleika á aðlögun skólastarfs að nærumhverfi hvers borgarhluta og skóla, sem einnig má að segja að rammist inn með tillögu þrjú um úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði. Þar teljum við líklegt að takist enn frekar að koma til móts við ólíkar þarfir skólanna. Árangursmat á sértækum stuðningi hefur líka verið rætt og hafa fulltrúar komið áður að umræðu um stoðþjónustu á vegum skóla- og frístundasviðs og lýsa sig tilbúna að koma að þeirri vinnu áfram. Til að hámarka árangur þessara tillagna þarf öfluga verkefnastjórn. Sú verkefnastjórn verður einvörðungu trúverðug og gæfurík með því að inni í henni verði fulltrúar félaganna tveggja, stjórnendur og kennrarar í grunnskólum borgarinnar, enda úti í skólanum þar sem árangurinn á að nást og trúverðugleiki aðgerðanna þurfa að vera skólanum ljós jafnóðum.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva telur Betri borg fyrir börn góða og spennandi þróun en vill benda á nokkra þætti sem þarf að hafa í huga. Mikilvægt er að virkja lykilfólk í frístundastarfi þegar kemur að undirbúningi og innleiðingu fyrirhugaðra breytinga. Einnig er mikilvægt að hafa nýja innleiðingaráætlun um stefnu um frístundabjónustu Reykjavíkurborgar í huga þegar unnið er í undirbúningi og framkvæmd breytinganna. Mat á Betri borg fyrir börn í Breiðholti þarf að liggja fyrir sem fyrst svo hægt sé að nýta þær niðurstöður í undirbúningsvinnu og framkvæmd breytinganna. Upplýsingaflæði til starfsmanna þarf að vera stöðugt og upplýsandi til dæmis hvort störf einhverja starfsmanna séu í hættu og tímarammi liggi fyrir sem fyrst. Ný skipting borgarhlutanna þar sem Gufunesbær og Ársel verða að einu þjónustuhverfi stækkar stjórnunarspönn nýju frístundamiðstöðvarinnar gríðarlega sem eykur álag og mögulega fjarlægð við starfsstaði frístundamiðstöðvarinnar.

- Kl. 15.22 víkur Brynjar Bragi Einarsson af fundinum.
- 2. Lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða bjónustu fyrir börn með sérstakar bjónustubarfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir, dags. í júní 2021:

Lagt er til að óskað verði eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglings vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Mikil eftirspurn er eftir sálfræðibjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí sl. biðu 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Aætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Miðlægri verkefnastjórn, með fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, verði falið að útfæra skipulag vinnunnar og forgangsröðun.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019090155/VEL2021060009

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að óskað verði eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglunga vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Fulltrúi Flokks fólksins telur þetta allt of lága upphæð, bara dropi í hafið sem þarf. Þessi upphæð sýnir að börn eru ekki í forgangi. Biðlisti barna í skólam telur 1056 börn í dag og fjölgar á honum með hverjum degi. Gera þarf betur hér. Svo virðist sem eitthvað skorti á metnað. Ef ekki er beðið um meira þá er það metið svo að ekki meira þurfi. Þetta er ekki rétt leið til að ná árangri. Þegar börn eru annars vegar þarf að taka hærra stökk. Með þessu áframhaldi tekur mörg ár að sinna þessum hópi og þessi börn hafa ekki þann tíma. Bernskan bíður ekki frekar en annað tímaskeið. Þau verða þá orðin stálpuð, fullorðin og líða fyrir andvaraleysi velferðar- og skólasviðs.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða bjónustu fyrir börn með sérstakar bjónustubarfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir, dags. í júní 2021:

Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á að taka tillit til lýðfræðilegra þátta við úthlutun fjármagns til grunnskóla í borginni með það að markmiði að auka jöfnuð milli barna og skóla í anda stefnunnar um Menntun fyrir alla. Byggt verði á Vísum að auknum tækifærum (e. Learning opportunites index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir grunnskóla og á að endurspeglar þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Þar með gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggi ekki fyrir. Breytingin styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki nauðsynleg forsenda stuðnings. Um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni og mun verkefnisstjórn útfæra fyrirkomulag.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019090155/VEL2021060009

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til ákveðinn stuðull (e. Learning opportunites index – LOI) sé reiknaður út fyrir grunnskóla til að sjá betur hverjir þurfa snemmtékan stuðning. Að veita snemmtæka íhlutun ef barn á í vanda eru mannréttindi. Börn eiga ávallt að fá snemmtæka íhlutun en einnig að fá nauðsynlegar greiningar sem kennrarar og foreldrar ásamt fagaðilum hafa sammælst um að barn þurfi. Vel kann að vera að þessi meirihluti telji að með því að draga úr greiningum sé verið að spara mikinn pening. Svo er ekki. Ef barn er að fá ranga meðhöndlun og meðferð við sínum vanda því ekki hefur verið skoðað með gagnreyndum aðferðum hver sé grunnvandinn er verið að taka áhættu með líðan barnsins og það á eftir að kosta. Með því að fá upplýsingar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis (4ra ára skoðun barns) er hægt að sjá strax hvort barnið glími við vanda eða vísbendingar þar um. Því miður er ekki samræmd samvinna milli skóla og Heilsugæslu og hvergi er minnst á slíkt samráð í þeim tillögum sem hér eru lagaðar á borð. Flótti frá greiningum þessa meirihluta til að spara fé vekur ugg og má telja víst að einhver hópur barna eiga eftir að líða fyrir að lokað er fyrir nauðsynlegan sveigjanleika í þessum efnum.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða bjónustu fyrir börn með sérstakar bjónustubarfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir, dags. í júní 2021:

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólabjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmiðið verði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólabjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólabjónustu. Verkið verði unnið í hönnunarsprettum. Verkferlar verði samræmdir í skólabjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019090155/VEL2021060009

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólabjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Fulltrúi Flokks fólksins styður að farið sé í þessa vinnu, en að það verði gert með skynsönum hætti og af ábyrgu fólk. Sviðin sjálf vita best hvað þau þurfa og hlýtur vinnan að þurfa að fara fram innan þeirra. Víða er kominn grunnur að snjalllausnum sem sjá má í öðrum stofnunum. Gríðarmiklu fjármagni hefur nú þegar verið veitt í stafræna umbreytingu og lítið ber á afrakstri eða afurðum. Fjármagni hefur verið eytt í tilraunir sem litlu hafa skilað enn sem komið er. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur sýslað með marga milljarða af lausung. Eftir á að koma í ljós hvort og þá hvenær þær afurðir verða komnar í virkni sem væntingar standa til. Öll höfum við sameiginleg markmið sem er að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólabjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólabjónustu. Forgangurinn hlýtur þó ávallt að vera sa að byrja á því að sinna börnunum sem beðið hafa á biðlistum jafnvel mánuðum saman. Í það þarf að setja fjármagn fyrst og fremst.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða bjónustu fyrir börn með sérstakar bjónustubarfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir, dags. í júní 2021:

Lagt er til að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértaekum stuðningi í skóla- og frístundastarfí, skólabjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Með rýningu á reglubundnu stöðumati skólanna á læsi, félagsfærni og líðan er hægt að bregðast sérstaklega við þjónustuþörfum þeirra barna sem þarfust stuðnings og þjónustu. Lögð verði áhersla á að rökstyðja val á stuðningsaðferðum með vísan til gagna með það fyrir augum að þær skili sér í bættri líðan, læsi og/eða félagsfærni. Lagt verði mat á árangur stuðnings með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta. Mælaborð farsældar barna verði nýtt til að meta almenna stöðu barna og þar með heildarstarf sveitarfélagsins m.t.t. farsældar barna. Verkefnisstjórn hefur umsjón með verkefninu og mun leggja fram tillögur að útfærslu eigi síðar en í upphafi árs 2022.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019090155/VEL2021060009

Fulltrúi Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis rætt um að nauðsynlegt sé að gera árangursmælingar á sérkennslu. Í sérkennslu eru um 30% af grunnskólabörnum en enginn veit neitt hvernig sérkennslan er að skila sér til barnanna. Börn kunna einnig að vera að fá mismunandi þjónustu eftir því hvar þau búa. Allt of langur tími hefur farið hjá þessum meirihluta í að koma því á blað að mæla þarf árangur. Sérkennrar eru ofhlaðir og undir miklu á lagi. Í þeirra hópi eru börn ekki aðeins með námserfiðleika af ýmsu tagi og á ýmsum stigum heldur einnig með

hegðunarvanda/raskanir. Þetta tvennt fer vissulega stundum saman en alls ekki alltaf. Barn sem ekki fær viðeigandi aðstoð við vanda sínum tapar fljótlegra sjálfstrausti sínu og sjálfsöryggi og þá aukast líkur þess að birtingarmyndir þess sýni sig í hegðun og aferli. Annað áhyggjuefni er læsi barna og lesskilningur en eins og ítrekað kemur fram í könnunum er stór hópur barna sem útskrifast úr grunnskóla sem ekki lesa sér til gagns né gamans. Þessi hópur hefur farið stækkandi með hverju ári. Löngu tímabært er að meta með kerfisbundnum hætti árangur með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki, að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða bjónustu fyrir börn með sérstakar bjónustubarfir ásamt skýrslunni Heildstæð þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir, dags. í júní 2021:

Lagt er til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólapjónustu þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í verkefnisstjórn eigi sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skili áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019090155/VEL2021060009

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meiri hlutinn leggur til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Fulltrúi Flokks fólksins vill minna á að þetta frumvarp er bara frumvarp sem ekkert er víst að verði að lögum. Finna þarf fjármagn í það sem ekki er enn séð hvar ríkisstjórnin ætlar að taka ef marka má umræður t.d. úr fréttum. Hafa skal í huga að ekki fannst nægt fjármagn hjá þessari ríkisstjórn til að niðurgreiða sálfræðiþjónustu til framtíðar jafnvel þótt allir væru sammála um að gera það. Reykjavíkurborg verður að taka ábyrgð á sínum börnum, grunnskólabörnum sem eru alfaríð sveitarfélagsins að sinna. Ef engir biðlistar væru, þá myndi vandi barna ekki ná að vefja upp á sig. Það að bíða lengi eftir nauðsynlegri aðstoð, með eða án greiningu gerir það að verkum að vandinn verður sífellt stærri. Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja að leikslokum og sjá þetta Farsældarfrumvarp verða fyrst að veruleika áður en hlaupið er upp til handa og fóta og halda að mikið sé að gerast ríkisins megin. Meira fjármagn þarf til málaflokksins, ráða fagaðila og bretta upp ermar. Best væri ef sá hluti sem snýr að velferð grunnskólabarna heyri undir skóla- og frístundaráð eins og fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til.

### Fundi slitið kl. 15:59

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Hildur Björnsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Sara Björg Sigurðardóttir  
Örn Þórðarson